



Dagsetning: 08.11.2016
Skrifstofa: sviðsstjóra
Gögnum safnað af: Birnu Sigurðardóttur
Ábyrgð: Ellý A Þorsteinsdóttir
GoPro: 2014100010

Lagt fyrir fund velferðarráðs 17.11.2016

Minnisblað

Stöðumat II á innleiðingaráætlun forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019

Forsaga:

[Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014 - 2019](#) var samþykkt á fundi velferðarráðs 7. nóvember 2013 og á fundi borgarstjórnar 18. febrúar 2014.

Stöðumat I var lagt fyrir velferðarráð 19. nóvember 2015 Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. janúar 2016.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu verkefna skv. innleiðingaráætlun forvarnarstefnunnar. Í fylgiskjöllum eru forvarnaráætlanir frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Þá er í yfirlitinu frá Þjónustumiðstöð Breiðholts slóð á forvarnaráætlun þjónustumiðstöðvarinnar og í yfirlitinu frá Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði er að finna slóð á bæklinginn Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness.

ÁHERSLUR FORVARNARSTEFNUNNAR

- *Samfélag án ofbeldis*
- *Virkni og þátttaka*
- *Æska án vímuefna*
- *Sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum*

LEIÐARLJÓS FORVARNARSTEFNUNNAR

- *Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er verndandi þáttur*
- *Sterk og jákvæð sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífhættir eru börnum og unglingum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna*
- *Samvinna í nærumhverfi og efling félagsauðs er verndandi þáttur fyrir börn og unglinga og styður foreldra í uppeldislutverkinu*
- *Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglinga*

Allar borgarstofnanir bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og að aðgerðaráætlun verði unnin á hverjum stað eftir því sem við á.

Velferðarsvið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með að unnið sé í samræmi við samþykktu stefnu.

Stöðumat II á innleiðingu forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2019.

Stöðumat I var lagt fyrir velferðarráð 19. nóvember 2015 og 21. janúar 2016.

Stöðumat II fyrir velferðarráð í 17. nóvember 2016.

Verkefni í innleiðingaráætlun á ábyrgð skrifstofustjóra ráðgjafapjónustu og skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra: Samráðshópur um forvarnir er skipaður þvert á þau svið borgarinnar sem koma að forvarnamálum. Hópurinn hefur yfirsýn yfir forvarnastarf, kallar eftir upplýsingum um framkvæmd og áætlanir í hverfum borgarinnar. Samráðshópurinn ber ábyrgð á afmörkuðum verkefnum er snúa að allri borginni, er umsagnaraðili um styrkveitingar til forvarnamála, hefur umsjón með rannsóknum er varða hagi og líðan barna og unglinga, kynningu á útvistarreglum o.fl.

Aðgerð skv. innleiðingaráætlun

Staðan í október 2016

❖ **Boðað verið til fundar með fulltrúum sviða sem koma að forvarnamálum**

Samráðshópur skipaður fulltrúum sviða sem koma að forvarnamálum fundar reglulega.

❖ **Kynning verði á helstu þáttum forvarnarstefnunnar**

Ekki hefur verið opin kynning á forvarnarstefnunni á vegum samráðshópsins. Samráðshópurinn hefur hins vegar fylgt því eftir að stefnan og aðgerðaráætluninni sé fylgt eftir, kynnt og virkjuð í hverfum, s.s. með samstarfi við skóla, íþróttafélög, félags- og tómstundastarf Lokið- samráðshópur hefur verið skipaður með erindisbréfi.

❖ **Viðkomandi svið tilnefni fulltrúa í samráðshóp sem í framhaldinu verði stofnaður með erindisbréfi þar sem hlutverk hans og umboð verður skilgreint.**

Verkefni í innleiðingaráætlun á ábyrgð framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva: Þverfaglegt samstarf stofnana og félagasamtaka hvers hverfis er mikilvægt til að ná markmiðum stefnunnar. Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva eru ábyrgir fyrir stofnun forvarnarhópa í hverfum í samstarfi við aðra lykilaðila í forvörnum innan hverfis.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Aðgerð skv. innleiðingaráætlun	Staðan í október 2016
❖ Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva stofna forvarnarhópa í sínu hverfi í samstarfi við fulltrúa þeirra sviða sem koma að forvarnarmálum.	Hópur er starfandi um forvarnarmál og undir honum vinnur ritnefnd sem ritstýrir forvarnaráætlun hverfisins.
❖ Í forvarnarhópunum séu fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem byggja starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.	Í forvarnarhópnum eru fulltrúar frá leikskólum, íþróttafélögum, Frístundamiðstöð, foreldrafélögum, grunnskólum og þjónustumiðstöð.
❖ Forvarnarhóparnir vinna heildstæða aðgerðaáætlun í forvarnarmálum fyrir hverfið á grundvelli stefnunar.	Heildstæð forvarnaráætlun Árbæjar og Grafarholts hefur verið unnin af hópnum.
❖ Aðgerðaáætlun skal skilað til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert.	Núverandi forvarnaráætlun verður uppfærð fyrir 15.febrúar 2017.
❖ Forvarnarhópar bera ábyrgð á kynningu á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í sínum hverfum.	Kynning á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019 hefur farið fram.

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Aðgerð skv. innleiðingaráætlun

Staðan í október 2016

- | | |
|--|---|
| ❖ Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva stofna forvarnarhópa í sínu hverfi í samstarfi við fulltrúa þeirra sviða sem koma að forvarnarmálum. | Í þjónustumiðstöðinni eru forvarnar/heilsuefingarhópar starfandi. Hóparnir starfa eftir mismunandi verkefnum. |
| ❖ Í forvarnarhópunum séu fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem byggja starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. | Í hópunum eru fulltrúar frá mismunandi stofnunum og félagasamtökum. |
| ❖ Forvarnarhóparnir vinna heildstæða aðgerðaáætlun í forvarnarmálum fyrir hverfið á grundvelli stefnunar. | Gerð var heilsstæð forvarnaráætlun með þátttöku allra stofanna og félagasamtaka í hverfunum. |
| ❖ Aðgerðaáætlun skal skilað til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert. | Aðgerðaráætlun var skilað til samráðshóps í forvörnum |
| ❖ Forvarnarhópar bera ábyrgð á kynningu á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í sínum hverfum. | Forvarnastefnan var kynnt fyrir öllum þeim hópum sem koma að starfi eða leik barna í hverfinu. |

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Aðgerð skv. innleiðingaráætlun	Staðan í október 2016
❖ Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva stofna forvarnarhópa í sínu hverfi í samstarfi við fulltrúa þeirra sviða sem koma að forvarnarmálum.	Í þjónustumiðstöðinni er forvarna og heilsueflyingarteymi starfandi auk framkvæmdaráðs. Hóparnir starfa eftir mismunandi verkefnum.
❖ Í forvarnarhópunum séu fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem byggja starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.	Í hópunum eru fulltrúar frá mismunandi stofnunum og félagasamtökum.
❖ Forvarnarhóparnir vinna heildstæða aðgerðaáætlun í forvarnarmálum fyrir hverfið á grundvelli stefnunar.	Gerð var heilsstæð forvarnaráætlun með þátttöku stofnana og félagasamtaka í hverfunum.
❖ Aðgerðaáætlun skal skilað til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert.	Aðgerðaráætlun var skilað til samráðshóps í forvörnum
❖ Forvarnarhópar bera ábyrgð á kynningu á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í sínum hverfum.	Forvarnarstefnan og Reykjavíkurlíkanið kynnt víða og stefnan um heilsueflandi samfélag fyrir ýmsum hagsmunahópum á VEL- SFS og í grasrótinni. Austurbæjarlaufa. Greinar birtar í hverfisblaðið. Heilsueflyingin er liður í forvörnum

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Aðgerð skv. innleiðingaráætlun

Staðan í október 2016

- ❖ Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva stofna forvarnarhópa í sínu hverfi í samstarfi við fulltrúa þeirra sviða sem koma að forvarnarmálum.

Já. Forvarnahópur er í hverfinu. Hverfisstjóri ábyrgð á starfi hans. Verkefnastjóri á þjónustumiðstöð Breiðholts sem sér um forvarnir og forvarnastefnu stýrir mánaðarlegum fundum hópsins.

- ❖ Í forvarnarhópunum séu fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem byggja starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Já. Í forvarnahópnum eru fulltrúar frá stofnunum í hverfinu.

- ❖ Forvarnarhóparnir vinna heildstæða aðgerðaáætlun í forvarnarmálum fyrir hverfið á grundvelli stefnunar.

Stofnanir í hverfinu vinna aðgerðaráætlun fyrir sína starfsemi í nánu samstarfi við verkefnastjóra á ÞB. Verkefnastjóri tekur saman heilstæða aðgerðaáætlun fyrir hverfið, sér um kynningar og veitir stofnunum aðhald um að unnið sé samkvæmt stefnunni.

- ❖ Aðgerðaáætlun skal skilað til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert.

Fullbúin aðgerðaáætlun var tilbúin árið 2015 og var skilað til samráðshópsins árið 2015. Aðgerðaráætlun forvarnastefnu Reykjavíkur í Breiðholti og heildræn stefna í forvarnar- og heilsueflingarmálum í hverfinu ber heitið **Heilsueflandi Breiðholt**.

Í verkefninu eru forvarnir skilgreindar út frá viðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan íbúa. Rannsóknir styðja þessa nálgun enda sýna þær að heilsueflandi umhverfi bætir líðan. Aðgerðaráætlunin **Heilsueflandi Breiðholt** er til fjögurra ára og er uppfærð árlega. Alls hafa 38 stofnanir í hverfinu skilað inn sértækum aðgerðaráætlunum fyrir sína stofnun. Aðgerðaáætlun og allar aðrar upplýsingar um **Heilsueflandi Breiðholt** má nálgast á vef verkefnisins:

<http://reykjavik.is/heilsueflandi-breidholt>

❖ **Forvarnarhópar bera ábyrgð á kynningu á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í sínum hverfum.**

Hverfisstjóri og verkefnastjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts bera ábyrgð á kynningu verkefnisins. Forvarnahópur er vel upplýstur mánaðalega um stöðu verkefnis og kynningar. Á síðasta ári hélt verkefnastjóri 28 kynningar og fyrirlestra í hverfinu er tengdust forvarnarstefnu og Heilsueflandi Breiðholti, auk sértækra fyrirlestra um heilsueflingu.

Hverfishátíð var haldin í lok september 2015 með þemanu Heilsueflandi Breiðholt. Almennungur tók þátt í hreyfingu og fjölskylduskemmtun. Börn í leik- og grunnskólum og eldri borgarar tóku þátt.

Heilsueflandi Breiðholt var hluti af viðamiklu Evrópuverkefni haustið 2016 - Viku íþróttar og hreyfingar í Evrópu. Verkefnastjóri á ÞB sá um öll samskipti og skipulag viðburða. Í verkefninu fengu 2000 grunnskólabörn boli með merki Heilsueflandi Breiðholts, auk þess að taka þátt í hlaupi og myndlistarverkefni tengt hreyfingu. Í nóvember verður spurningakönnun um verkefnið lögð fyrir kennara, nemendur, foreldra og sjálfboðaliða. Verkefnastjóri safnar gögnum og skilar skýrslu í kjölfar verkefnisins.

Leikskólabörn taka einnig þátt í sérstöku hreyfingaverkefni í samstarfi við íþróttafélagið ÍR. Allir leikskólar í hverfinu taka þátt í verkefninu. Einnig er í gangi sérstakt tannverndarverkefni með þátttöku um 60% leikskóla. Stefnt er á 75% þátttöku árið 2017 og 100% þátttöku árið 2019.

- | | |
|--|---|
| ❖ Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva stofna forvarnarhópa í sínu hverfi í samstarfi við fulltrúa þeirra sviða sem koma að forvarnarmálum. | Forvarnarhópar í Grafarvogi og Kjalarnesi. Hafa verið virkir svo árum skiptir. |
| ❖ Í forvarnarhópunum séu fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem byggja starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. | Forvarnarhóparnir skipaðir fulltrúum stofnana sem byggja starf sitt á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og auk þess félagasamtök sem ekki byggja beint á stefnu Reykjavíkurborgar þar sem þau eru ekki hluti af því opinbera kerfi, en taka samt þátt á þeim forsendum og vinna samkvæmt áætlun sem byggð er á stefnunni. |
| ❖ Forvarnarhóparnir vinna heildstæða aðgerðaáætlun í forvarnarmálum fyrir hverfið á grundvelli stefnunar. | Heildstæð aðgerðaráætlun til staðar. |
| ❖ Aðgerðaáætlun skal skilað til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert. | Hefur skilað áætlun til samráðshóps. |
| ❖ Forvarnarhópar bera ábyrgð á kynningu á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í sínum hverfum. | Forvarnarhópur hefur sinnt því hlutverki. |

Bæklinginn „Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness“ er að finna á slóðinni http://reykjavik.is/sites/default/files/heilsustefna_loka_i_prentun.pdf

Fylgiskjöl

Drög að forvarnaráætlun Árbæjar og Grafarholts 2016

Forvarnaráætlun Miðborgar og Hlíða

Uppfærð aðgerðaáætlun 2016-2018 um forvarnir í hverfum Laugardals - Háaleitis og Bústaða

Forvarna áætlun

Árbæjar og Grafarholt 2016



Forvarnarstefna Reykjavíkur 2014 - 2019
Aðgerðaráætlun Árbæjar og Grafarholts.

1. útgáfa, 3.nóvember 2016.

Ábyrgð:

Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri.

Trausti Jónsson, verkefnastjóri.

Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdarstjóri ÞÁG.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.
Öll réttindi áskilin. Áætlunina má ekki afrita með
neinum hætti án leyfis ábyrgðaraðila.

Forvarnaráætlun Árbæjar og Grafarholts

Forvarnaáætlun hverfanna byggir á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2016 en framtíðarsýn hennar er á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag. Áætlunin leggur til aðgerða til að framtíðarsýn stefnunnar verði að veruleika.

EFNISYFIRLIT

<u>Forvarnaráætlun</u>	12
<u>Leiðarljós</u>	16
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 0 - 2ja ára</u>	19
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 2 - 5 ára</u>	20
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 6 - 9 ára</u>	21
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 10 - 12 ára</u>	22
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 13-15 ára</u>	23
<u>Aðgerðaráætlun fyrir 16 ára og eldri</u>	26
<u>Forvarnastarf í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts</u>	26
<u>Samráð í Árbæ og Grafarholti</u>	29
<u>Íþróttastarf í Árbæ og Grafarholti</u>	30
<u>Endurmat og heilsuefning Árbæjar og Grafarholts</u>	30
<u>Viðhengi 1.</u>	31

Leiðarljós

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 - 2019 vegna málefna barna, unglunga og foreldra þeirra hefur verið unnin af fulltrúum allra sviða Reykjavíkurborgar. Við vinnslu stefnunnar var horft til allrar þeirrar reynslu og árangri sem náðst hefur í forvörnum á síðastliðnum áratug. Rannsóknir sýna að Ísland hefur náð árangri í t.d. minni unglingadrykkju og reykingum en samfélagið breytist ört og ný sýn birtist þeim sem vinna að forvörnum reglulega. Í forvarnastefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um að allar stofnanir borgarinnar beri ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Það er hlutverk þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts að leiða saman fulltrúa sem starfa með börnum og ungmennum að gerð forvarnaáætlunar fyrir Árbæinn og Grafarholtið. Foreldrar eru þar engin undantekning og komu fulltrúar foreldra einnig að gerð áætlunarinnar. Lykillinn að árangri í forvarnamálum er samvinna og samráð allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun eða annarri vinnu með börnum og ungmennum.

Áherslur forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014 - 2019 eru þær að samfélagið sem við búum í sé laust við allt ofbeldi, þ.e. líkamlegt, andlegt og kynferðislegt, sem og einelti. Að við virkjum öll börn til þátttöku í leik og starfi í samræmi við aldur og þroska og að við spornum gegn brottfalli úr skóla og íþróttá - og tómstundarstarfi. Forvarnastefnan leggur áherslu á að ná til þeirra nemenda sem eru hvorki í vinnu né skóla. Einnig að æska barna okkar sé án allra vímugjafa.

Síðast en ekki síst þá er lögð áhersla á að efla sjálfsvirðingu og sjálfstraust barna okkar, að börn og unglingar beri virðingu fyrir líkama sínum og fyrir hvert öðru sem forvörn gegn hverskonar áhættuhegðun. Að þessu sögðu er það hverfið sjálft sem mótar áætlunina en með leiðarljósi forvarnastefnu Reykjavíkurborgar í huga en þar segir;

- Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er vernandi þáttur.
- Sterk og jákvæð sjálfmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífshættir eru börnum og unglingum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna.
- Samvinna í nær umhverfi og efling félagsauðs er vernandi þáttur fyrir börnin og unglunga og styður foreldra í uppeldishlutverkinu.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmýnd og félagsfærni barna og unglunga.

Í nóvember lok 2015 hittust fulltrúar frá öllum grunnskólum, leikskólum, frístundarmiðstöðum, tónlistarskólum og fulltrúi frá eldri borgarastarfi í hverfunum tveimur til að finna rauða þráðinn í forvarnaáætlun fyrir hverfin og helstu niðurstöður voru eftirfarandi atriði:

- Kvíði barna er að aukast og aðgerða er þörf til að koma til móts við börnin og foreldra.
- Minna á mikilvægi samveru fjölskyldunnar.
- Stress foreldra mikið – koma með fræðsluefni um það efni.
- Auka þarf jafnræði til frístunda og íþróttaiðkunnar og að minnka áherslu á keppni á meðal barna.
- Rjúfa félagslega einangrun barna.
- Skilvirkara samstarfs á milli allra stofnana og að miðla upplýsingum og þekkingu til íbúa í Árbæ og Grafarholti.

Í lok fundar var ákveðið að búa til hóp sem bæri ábyrgð á því að móta forvarnaáætlun hverfisins fyrir hvert aldurskeið sem talin eru upp í forvarnastefnu borgarinnar og hefur sá hópur mótað aðgerðir fyrir hvert æviskeið sem talin eru upp í stefnunni. Hópurinn er sammála um að í takt við umræður í þjóðfélaginu og niðurstöður rannsókna almennt um líðan unglunga í 8. 9. og 10. bekk, verði að koma aðgerðaráætlun sem miðar að því að styrkja sjálfsmýnd barna og að fræða börn og foreldra um ofnotkun á snjallforritum og annarri tölvunotkun. Móttaka nýrra fjölskyldna í hverfið þarf að virkja og þá sérstaklega

íbúa af erlendu bergi brotnu, börn og fullorðnir sem tala ekki íslensku og þekkja ekki þá þjónustu sem er í boði í hverfunum. Aðgerða er þörf í þeim málum.

Eftirtaldir fulltrúar komu að mótun forvarnaáætlunarinnar fyrir Árbæ og Grafarholt:

- Jóhannes Guðlaugsson, framkvæmdarstjóri Ársels
- Þóra Björk Waltersdóttir, sérkennslustjóri í Leikskólanum Maríuborg og fulltrúi foreldra á leikskóla.
- Hörður Guðjónsson, íþróttafulltrúi Fylkis.
- Daði Guðmundsson, íþróttafulltrúi Fram.
- Kristrún Kristjánsdóttir, unglingaráðgjafi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.
- Kristín Helgadóttir, fulltrúi foreldra.
- Svandís Sturludóttir, náms- og starfsráðgjafi Ingunnarskóla og fulltrúi grunnskóla.
- Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.
- Trausti Jónsson, verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.
- Margrét Einarsdóttir, nemi.
- Margrét Björk Daðadóttir, nemi.

Aðgerðaráætlun fyrir 0 - 2ja ára

Umönnun og tengslamyndun foreldra og barns hefur áhrif á framvindu andlegs og líkamlegs þroska barnsins. Á meðgöngu og í ungbarnaeftirliti fræðir og styrkir heilsugæslan foreldrahlutverkið. En hvað tekur svo við eftir að fæðingarorlofi lýkur? Margir foreldrar velja dagforeldravistun fyrir barnið sitt eftir að fæðingarorlofi lýkur en börn á aldrinum 6 mánaða - 2ja ára dvelja í allt að átta tímum eða lengur hjá dagforeldrum. Í daggæslu á barnið sín fyrstu samskipti við jafningja sína og aðra fullorðna einstaklinga sem það treystir á. Tengslamyndun barnsins og öryggi barnsins er mikilvægt og því þarf að vanda vel til. Foreldrasamstarf í daggæslu er mikilvægt svo barninu líði vel og það finni fyrir öryggi.

Aðgerðir:

- Koma af stað samstarfi við heilsugæsluna og kynna þá þjónustu sem er í boði fyrir foreldra eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- Fræða dagforeldra um mikilvægi foreldrasamvinnu, hvernig við tökum á móti litlum einstaklingum og foreldrum þess, hvernig er aðlögun á nýjum stað og nýju umhverfi háttað hjá dagforeldrum.
- Styðja við foreldrasamvinnu hjá dagforeldrum.
- Kynna fyrir foreldrum hlutverk daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð og þá þjónustu sem er í boði fyrir foreldra.
- Halda fræðslu fyrir foreldra með barn hjá dagforeldri um samveru fjölskyldunnar og sjálfsmynd barna.

Aðgerðaráætlun fyrir 2 – 5 ára

Leikskólar starfa eftir aðalnámskrá frá 2011 en þar hafa þeir skilgreint hlutverk í að sameina menntun, uppeldi og umönnun í starfi sínu með leikskólabörnum. Mikilvægt er að halda áfram að styðja við foreldrasamstarf og halda áfram að styrkja og styðja við sjálfsmynd barnanna. Barnið þarf að finna að það sé viðurkennt af fullorðnum og á meðal jafningja sinna. Íþróttafélög í hverfunum eru með fjölbreytt starf fyrir börn á leikskólaaldri og til að leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum er mikilvægt að kynna fyrir þeim mikilvægi hreyfingar sem fyrst.

Aðgerðir:

- Að styðja við foreldrasamstarf í leikskólum í Árbæ og Grafarholti og fá markvissa fræðslu um forvarnagildi þess.
- Fá leikskóla hverfanna í samstarf, t.d. að vorhátíðir séu sameinaðar í Grafarholti, að foreldrafélög taki sig saman í Árbæ og verði með sameiginlega fræðslu fyrir foreldra. Þannig má spara fé og einnig að eiga samtál saman.
- Að leikskólar búi til sameiginlegt forvarnaverkefni og sækji um styrki til að framkvæma það í takt við leiðarljós áætlunarinnar.
- Fá fræðslu um stress og álag á heimilum. Hvað býr til stress og álag?
- Auka fræðslu um mikilvægi samveru fjölskyldunnar.
- Fá fræðslu um snjalltæki og notkun leikskólabarna. Hvernig setjum við börnunum okkar mörk?
- Móttaka íbúa af erlendu bergi brotin. Það þarf að búa til teymi sem mótar stefnu í móttöku íbúa t.d. með því að tengiliður teymisins komi inn í fyrsta viðtal í leikskóla. Aðili getur komið inn í viðtalið með fræðslu frá þjónustumiðstöðinni og félagasamtökum í hverfinu.
- Hafa þemadag í leikskólunum, t.d. menningar mót. Hver er ég? Hver og einn kemur með hluti sem gerir þig að þeim sem þú ert.
- Fá tónlistarskóla í samstarf við leikskólann og bjóða upp á tónlistarnám á leikskólatíma.

- Styðja og hvetja íþróttafélög að koma inn í leikskólanna og kynna starf sitt með leikskólabörnum.

Aðgerðaráætlun fyrir 6 – 9 ára

Í grunnskólum landsins er lögð áhersla á að öllum nemendum líði vel, að þeir njóti jafnréttis og jafnræðis innan veggja skólans. Grunnskólar jafnt sem skólar í Árbæ og Grafarholti gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að forvörnum, fræðslu og sjálfsmynd nemenda. Rannsóknir sýna að mikilvægasta forvörnin er

foreldrasamvinna og samvera fjölskyldunnar. Nemendur á aldrinum 6 - 9 ára eru að prufa sig áfram í samskiptum við jafningja sína og þau eru að fá aukið sjálfstæði innan ákveðinna marka. Nemandi að hefja sín fyrstu skref í átt að auknu sjálfstæði þarf að finna fyrir öryggi og stuðningi heima fyrir, á meðal jafningja og í skólanum. Fjölbreytt val íþróttar er nauðsynlegt á þessum aldri til að tryggja að barnið kynnist heilbrigðum lífsstíl sem og fjölbreytileika í frístundastarfi. Hætta er á því að barn sem tengist ekki félagslega eftir að skóla lýkur á daginn einangri sig félagslega á þessu aldurskeiði. Til að styrkja að allt gangi vel í velferð barnsins er þörf á aðgerðum.

Aðgerðir:

- Styðja við foreldrasamstarf í skólunum, í íþróttastarfi og frístundum.
- Styðja og hvetja til samstarfs á milli grunnskóla, frístundar og íþróttafélaga.
- Styðja við að frístundastarf og félagasamtök megi kynna starf sitt á skólatíma.
- Búa til kynningarmynd um foreldrasamstarf í skólum og mikilvægi þess.
- Aukin fræðsla um snjalltæki barna.
- Auka fræðslu um virðingu við hvert annað.
- Hafa þemadag á yngra barnastigi, t.d. menningar mót. Hver er ég?
- Fá fræðslu um að minnka álag á heimili fjölskyldna og fá samtal um hvernig við getum gert betur til að minnka álag á heimilið.
- Leita leiða til að auka framboð í frístundastarfi fyrir 3.bekk.
- Leita leiða að skapandi starf sé í boði fyrir þennan aldur í frístund barnsins nálægt heimili.

Aðgerðaráætlun fyrir 10 – 12 ára

Barn sem byrjar í 5.bekk tekst á við aðrar áskoranir en það gerði því á þessu aldurskeiði byrjar líkaminn smásaman að breytast og jafningja hópurinn fer að hafa meiri áhrif á líf barnsins en það gerði. Sjálfstæði barnsins verður aðeins meiri og heimur þess stækkar. Forvarnafræðsla fyrir nemendur og foreldra í 5. 6. 7. bekk er mikilvæg því hér er hægt að hjálpa barninu að móta enn betur sjálfsmýnd sína,

hjálp því að eiga samskipti við jafnaldra og foreldra, styrkja ákvarðanir þess svo að vel takist til. Á þessum aldri er hætt á því að barn hætti í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi og fari að einangra sig frá jafnöldrum. Því verðum við öll sem samfélag að hjálpast að svo barnið eigi farsælt líf framundan.

Aðgerðir:

- Auka við fræðslu um snjallforrit og tölvuleiki fyrir foreldra og nemendur.
- Þemadagar – menningarmót. Hvað gerir mig að mig? Hver er ég?
- Fá aukna fræðslu um sjálfsmynd stelpna og drengja?
- Fá fræðslu frá jafnréttisskóla SFS fyrir nemendur og foreldra.
- Efla forvarnir á miðstigi fyrir foreldra og nemendur, t.d. um mikilvægi svefns og næringu.
- Í samstarfi við skóla að bregðast strax við áhættuhegðun barna og koma þeim í réttan farveg, búa til þverfaglegt teymi sem fylgir barni áfram.
- Búa til myndband um mikilvægi foreldrasamstarf á milli foreldra og skóla.
- Skrifa forvarnagreinar um mikilvægi samveru fjölskyldunnar.
- Leggja áherslu á starf félagsmiðstöðva í hverfunum, Holtið, Tían og Fókus og forvarnargildi þess.
- Skoða íþróttir barnanna og hvað íþróttir er hægt að æfa án þess að keppa í íþróttagreininni.
- Skoða tónlistarnám í hverfinu og aðgang barna að námi
- Skoða skapandi greinar nálægt heimili barnsins eins og leiklist og.fl.

Aðgerðaráætlun fyrir 13-15 ára

Mikilvægt er að leggja áherslu á hvers konar sjálfsstyrkingu á unglingsárunum með það að leiðarljósi að unglíngarnir skapi sér heilbrigða og jákvæða sjálfsmynd. Þær stofnanir og félög, svo sem skóli, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög, sem og foreldrar spila þar stórt hlutverk hvað varðar fyrirmyndir fyrir unglíngana. Nauðsynlegt er að gott samstarf ríki á milli ofangreindra aðila og þá sérstaklega þegar kemur að forvarnarstarfi. Áherslan skal lögð á að veita foreldrum viðeigandi fræðslu. Auk þess

er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um nauðsyn samverustunda með unglíngum. Hvetja skal unglínga til virkrar þátttöku í málefnum sem snerta þau. Skoðanir þeirra skulu vera virtar og unnið með þær í að móta betra og sterkara samfélag. Þeir fagaðilar sem komu að gerð áætlunarinnar eru sammála um að aðgerða er þörf að fyrirbyggja skólaförðun, kvíða nemenda og fræða þá um notkun rafretta en þessi þrjú atriði er mest áberandi í lífi ungmenna í dag. Aðgerða er þörf

Aðgerðir:

- Minna á mikilvægi foreldrasamstarf.
- Gera myndband um foreldrasamstarf á unglíngastigi.
- Minna á mikilvægi þess að fylgjast með börnunum sínum, þekkja vini og foreldra þess.
- Kanna hvaða nemendur eru í áhættu að falla úr námi í framhaldsskóla og koma þeim í farveg og mynda teymi um þann einstakling á þjónustumiðstöð hverfanna til að fylgja þeim eftir.
- Fá kynningu í skólanna á ungmennaráði hverfisins.
- Styðja við samstarf og samtal ungmenna í hverfunum.
- Fá fræðslu í markaðsherferðum sem herja á ungt fólk í dag.
- Fá fræðslu í skólana um geðheilbrigði, netnotkun, einelti, sexting, kynheilbrigði, mikilvægi svefns og vímuefni.
- Fá fræðslu í skólana fyrir foreldra og nemendur frá jafnréttisskóla SFS og í kjölfarið að hafa vinnustofur í sjálfsmynd stúlkna og drengja.
- Styðja við heilbrigðan lífsstíl hjá einstaklingum og fá samtal við nemendur á unglíngastigi um heilbrigðan lífsstíl.
- Minna á útivistartíma og foreldrarölt.
- Hvetja til þess að hver skóli sé með menningarmót, Hver er ég?
- Fá fræðslu um rafrettur, niðurstöður rannsóknar sýna aukningu á notkun þess hjá unglíngastigi.
- Fá Dr. Láru G Sigurðardóttir lækni með fræðslu fyrir foreldra og nemendur um skaðsemi á notkun rafretta og níkótíni..

Aðgerðaráætlun fyrir 16 ára og eldri

Í Árbæ og Grafarholti er enginn framhaldsskóli líkt og í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar og frá 16.ára aldri sækja nemendur eða íbúar skóla og vinnu frá heimili sínu. Hér er mikilvægt að fylgjast með þeim nemendum sem eru líklegir til að falla úr námi á fyrsta ári í framhaldsskóla og einangrast heima hjá sér. Þeir nemendur sem sækja skóla í öðru hverfi eiga samt sem áður lögheimili í Árbæ og Grafarholti og foreldrar eru minna í tengslum við vini, nýja vini og foreldra þess. Heimur barnsins stækkar og áhættan við að byrja neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímugjafa eykst á þessum aldri.

Aðgerðir:

- Sjá til þess að teymi í kringum einstakling í áhættu að falla úr námi sé virkt og að honum sé fylgt eftir.
- Virkja náms - og starfsráðgjafa þjónustumiðstöðvar til að aðstoða ungmenni frá 16 - 18 ára í vali á námi og starfi sem hæfir hverjum og einum.
- Stuðla að samstarfi við ungmennaráð hverfana og hvetja til þess að ungmenni á aldrinum 16-18.ára séu virk og komi sínum skoðunum á framfæri.
- Skrifa grein og birta um mikilvægi þess að einstaklingum yngri en 18.ára sé ekki hleypt inn á staði þar sem áfengi er selt.
- Fá fyrirtæki sem skipta við nemendafélögin, í samstarf við foreldra og samfélagið. Virkja samfélagslega ábyrgð þess.
- Minna á mikilvægi þess að þjónustumiðstöðin og félagsmiðstöðin sé til staðar og að einstaklingar geti leitað eftir aðstoð.

Forvarnastarf í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts starfar í nánú samstarfi við dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, foreldrafélög, frístundamiðstöðvar, lögregluna og eldri borgara

í hverfunum. Innan þjónustumiðstöðvarinnar og í samstarfi við stofnanir í hverfunum er markvisst unnið með sértækar forvarnir sem kveðið er á um í forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. Sálfræðingar og sérkennslustjórar í leik- og grunnskólum skima eftir áhættuþáttum meðal barna og unglunga, veita ráðgjöf, stuðning og íhlutun eftir því sem við á. Unglingaráðgjafi og félagsráðgjafar vinna með ungmenni, fjölskyldur þeirra og eldri borgurum í hverfunum sem þurfa stuðning og bjóða úrræði sem eru við hæfi. Þekkingarmiðstöð innan þjónustumiðstöðvarinnar sinnir fólki með fötlun, verkefnastjóri félagsauðs og forvarnar er lykiladilinn að tengja fólk og stofnanir saman í hverfunum og vinna með þeim að fjölbreyttum verkefnum.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts leggur áherslu í starfi sínu og eftirtalin forvarnaverkefni:

- Áhersla á málþroska
- Áhersla á hreyfifærni
- Áhersla á heilbrigðan lífsstíl
- Áhersla á geðheilsu (andlega líðan), samskipti og félagsfærni
- Áhersla á uppeldishlutverk foreldra
- Áhersla á að draga úr skólaförðun
- Áhersla á sjálfsmynd og tilfinningagreind barna og unglunga.

Hér er stutt lýsing á helstu forvarnaverkefnum sem unnið er með og verður á næstu þremur árum og er hluti af aðgerðaráætlun Árbæjar og Grafarholts:

Litla forvarnateymið

Litla forvarnateymið er þverfaglegt teymi innan ÞÁG og í samstarfi við Ársel sem lætur allt mannlegt sig varðar og teymið stendur m.a. fyrir fræðslu til foreldra barna

frá 10.ára – 16.ára sem ber nafnið *Sumar er tíminn* og er árlegur viðburður. Teymið er með verkefni í Norðlingaskóla á unglíngastigi sem heitir Hjólakrafur í Norðlingaskóla og er unnið með nemendum sem eru að þróa með sér lífstílssjúkdóma, erlenda nemendum, nemendum með fötlun og nemendum sem mæta illa í skólann. Verkefnið er rekið með styrkjum.

Klókir krakkar

Klókir krakkar er stöðluð meðferð við kvíðröskunum fyrir börn á aldrinum 8 – 12 ára og byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Námskeiðið er fyrir foreldra og börn og þeim kenndar aðferðir til að takast á við kvíða og auka sjálfstraust þeirra.

Klókir litlir krakkar

Klókir litlir krakkar er námskeið fyrir foreldra barna á aldrinum 3-6 ára sem eru í áhættu að þróa með sér kvíðaraskanir. Námskeiðið er fyrir foreldra og þeim kenndar aðferðir til að takast á við kvíða og auka sjálfstraust þeirra.

Morgunhafi

Morgunhanar er úrræði í stuðningsþjónustu og er samvinna heimilis, skóla og þjónustumiðstöðvarinnar um bættu skólasókn nemenda. Ætlað börnum með fjölpættan vanda sem eiga í erfiðleikum með að mæta í skólann.

Atvinnutengt nám fyrir nemendum í 9. og 10. bekk

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla í Reykjavík, sem vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningalega örðugleika að stríða sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla. Markmið atvinnutengds náms er að mæta þeim nemendum sem líður illa í skóla og eiga undir högg að sækja félagslega. Einnig er markmiðið að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra og auk þess að vinna

með umhverfislæsi þeirra. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts þjónustu alla grunnskóla á unglíngastigi í Reykjavíkurborg.

PMTO

PMTO stendur fyrir „Parent Management Training-Oregon aðferðin“ og er þjálfun í uppeldisaðferðum fyrir foreldra, einkum foreldra barna á aldrinum 4-12 ára með væga hegðunarerfiðleika. Á námskeiðinu er farið yfir þætti sem auka jákvæð samskipti innan fjölskyldna og hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd barna. Foreldrum eru m.a. kennd hvernig gefa á áhrifarík fyrirmæli, mikilvægi hvatningar, hvernig setja á börnum mörk og hvernig fjölskyldan getur leyst vandamál í sameiningu.

Samráð í Árbæ og Grafarholti

Í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts starfar unglíngaráðgjafi veitir unglíngum og fjölskyldum þeirra stuðningu og ráðgjöf. Auk þess sinnir ráðgjafinn eftirfarandi forvarnaverkefnum í samráð við ýmsa fulltrúa stofnanna sem þjónustumiðstöðin vinnur náið með.

- Samráðsfundir með fulltrúa skóla, lögreglu og fulltrúa frá Árseli. Markmið fundanna er fyrst og fremst að stuðla að forvörnum í hverfunum. Fundirnir eru mikilvægur vettvangur til að ræða saman og taka ákvarðanir í ýmsum

málum sem varðar ungmenni í Árbæ og Grafarholti. Sérstök áhersla er lögð á viðbögð og áætlanir er varðar mið-og unglíngastig grunnskólanna.

- Nemendaráðsfundir. Sálfræðingar þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts sitja alla nemendaráðsfundi í grunnskólum og unglíngaráðgjafi mætir reglulega en rætt er um stöðu, líðan, velferð nemenda og stuðning eftir þörfum.
- Samráðsfundur með barnavernd Reykjavíkur, lögreglu og þjónustumiðstöð. Reglulega eru fundir um stöðu barna í hverfunum og þau úrræði sem eru í boði.

Íþróttastarf í Árbæ og Grafarholti

Tvö íþróttafélög eru í hverfunum en þau eru íþróttafélagið Fram og Fylkir. Bæði íþróttafélögin eru í samstarfi við leikskóla hverfanna með skipulagða hreyfingu á leikskólatíma og er markmið þeirra að kynna sem flestar íþróttir fyrir börnum sem fyrst því hreyfing er einn af lykiláhrifaþáttum heilbrigðis á öllum æviskeiðum. Bæði íþróttafélögin eru með skipulagt íþróttastarf fyrir allan aldur. Í meðfylgjandi skjali áætlunarinnar verða talið upp fjölbreytt starf íþróttafélaganna.

Endurmat og heilsuefling Árbæjar og Grafarholts

Í aðgerðaráætlun hverfana í forvörnum þurfa allar stofnanir Reykjavíkurborgar að vinna saman svo að vel takist til. Þegar að hópurinn hittist við mótun áætlunarinnar var ákveðið að huga að, samkvæmt forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, að ungmennum og foreldrum þeirra en hópurinn tók inn í myndina að áætlunin yrði lifandi skjal. Sífellt endurmat yrði á áætluninni. Leik- og grunnskólar vinna fjölbreytt starf með börnum og ný verið samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar stefnu borgarstjóra að Reykjavíkurborg yrði heilsueflandi samfélag og eru skólar hverfanna engin undantekning. Á næstu dögum fer af stað í samstarf við skóla, frístundir,

félagasamtök, foreldrasamtök og eldri borgara í Árbæ og Grafarholti innleiðing á *Heilsueflandi Árbær og Grafarholt*.

Í heilsueflandi Árbæ og Grafarholt verður unnið með áherslupættina, *Næring, Hreyfing, Líðan og Lífsstíll* og hver stofnun og félagasamtök munu aðlaga sig að þeim þáttum og þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts mun styðja við útfærslu á þeim. Leik- og grunnskóla eru hvattir til þess að gerast heilsueflandi skólar en Embætti landlæknir heldur utan um þær umsóknir og skipulag.

Viðhengi 1.

Það sem er í boði hjá Knattspyrnufélaginu Fram fyrir hina ýmsu aldursflokka:

Leikskólaaldur

- Knattspyrnudeild; æfingar í 8.flokki einu sinni í viku-með foreldrum eða í leikskóla seinni partinn
- Almenningsíþróttadeild; þróttaskóli fyrir börn á aldrinum 1 ½ árs til 6 ára

Sumarskóli

- Knattspyrnuskóli fyrir 5-12 ára
- Íþróttaskóli fyrir 5-10 ára
- Handboltaskóli fyrir 5-12 ára

Grunnskólaaldur

- Knattspyrnudeild: 5-7.flokkur

- Handknattleiksdeild: 6-7 flokkur
- Taekwondodeild; byrjendur og lengra komnir
- Skíðadeild; æfingar í samstarfi við Breiðablik og Ármann

Unglingastig

- Knattspyrnudeild; 3-4 flokkur
- Handknattleiksdeild; 4 og 5 flokkur
- Taekwondodeild; byrjendur og lengra komnir

16-20 ára

- Knattspyrnudeild; 2.flokkur
- Handknattleiksdeild; 3 og 2 flokkur
- Taekwondodeild; byrjendur og lengra komna
- Skíðadeild; æfingar í samstarfi við Breiðablik og Ármann-16-20 ára: 4x-5x í vikunni

20 ára og eldri:

- Knattspyrnudeild; meistaraflokkur-Afreksflokkur
- Handknattleiksdeild; meistaraflokkur-Afreksflokkur
- Taekwondodeild; byrjendur og lengra komnir

Almenningsíþróttadeild Fram:

Göngu- skokk- og hlaupaæfingar í bland við liðleika- jafnvægis- og styrktaræfingar. 4 æfingar á viku í boði en breytilegt hvað fólk velur að mæta á margar.

Það sem er í boði hjá Íþróttafélagi Fylkis fyrir hina ýmsu aldursflokka.

Frístundavagninn er í boði fyrir yngstu iðkendurna til að komast á æfingu.

Leikskólaaldur

- Litli Íþróttaskólinn á leikskólatíma
- Sumarnámskeið
- Fimleikaskóli
- Ungbarnafimi
- Minikarate
- Handbolti
- Fótbolti

Grunnskólaaldur

- Frístundavagninn fyrir yngstu iðkendurna til að komast á æfingu
- Fimleikadeild; áhaldafimleikar, hóp fimleikar, parkour
- Handknattleiksdeild; 8.flokkur til 4.flokkur
- Karatedeild; Byrjenda- og framhaldshópar

- Knattspyrnudeild; 7.flokkur til 3.flokkur

Framhaldskólaaldur

- Blakdeild; unglunga- og meistaraflokkar
- Fimleikadeild; áhaldafimleikar, hópfimleikar; parkour
- Handknattleiksdeild; 3.flokkur og 2.flokkur
- Karatedeild; byrjenda- og framhaldshópar
- Knattspyrnudeild; 2.flokkur

20 +

- Blakdeild; Meistaraflokkar
- Fimleikadeild; fimleikar
- Handknattleiksdeild; meistaraflokkar
- Karatedeild; byrjenda- og framhaldshópar
- Knattspyrnudeild; meistaraflokkar

40+

- Blakdeild; meistaraflokkar
- Fimleikadeild; fimleikar
- Karatedeild; byrjenda- og framhaldshópar
- Knattspyrnudeild; eldri flokkur

Börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni.

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar

framtíðarsýn

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn hafi jöfn tækifæri, tileinki sér heilbrigðan lífsstíl, líði vel og hafi sterka sjálfsmynd. Hlúa þarf að umhverfi barna og unglinga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.

Leiðarljós

- Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er verndandi þáttur.
- Sterk og jákvæð sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífshættir eru börnum og unglिंगum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna.
- Samvinna í nærumhverfi og efling félagsauðs er verndandi þáttur fyrir börn og unglinga og styður foreldra í uppeldislutverkinu.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglinga.

Almenn markmið forvarnastefnu Reykjavíkurborgar

1. Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi.
2. Réttindi barna séu virt, þau búi við lýðræði og jafnrétti og hafi jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu.
3. Börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni.
4. Börn og unglingar hafi stuðning sem geri þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
5. Börn og unglingar búi í öruggu samfélagi og við öflugan félagsauð.
6. Foreldrasamstarf sé öflugt í nærumhverfinu og foreldrar öruggir og leiðandi í uppeldi barna sinna.

Meðal yngstu barnanna er mikilvægast að leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum og koma í veg fyrir að þau lendi í aðstæðum sem vinna gegn eðlilegum þroska. Áhersla er lögð á öryggi þeirra, frumþarfir og góð tengsl við fjölskyldu og vini. Foreldrar eru vakandi yfir velferð barnsins og líf þess einkennist af umhyggju, hvatningu og aga. Lagður er grunnur að sjálfsmynd barnsins. Í frjálsum leik eflist félags- og samskiptafærni. Helstu áhættuþættir sem birtast meðal ungra barna tengjast mótun sjálfsmyndar og samskiptum við foreldra. Börn sem búa við umhyggju og ástúð þróa frekar með sér jákvæða sjálfsmynd en börn sem búa við dómhörku, neikvæða gagnrýni eða afskiptaleysi. Mikilvægt er að bregðast sem fyrst við einkennum neikvæðrar sjálfsmyndar og aðstoða foreldra í hlutverki sínu.

Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi.

Markmið: Að styðja foreldra í foreldrahlutverkinu

Leiðir: Þjóða upp stuðninginn heim

Ábyrgð: Verkefnastjóri stuðningsþjónustu

Tíma: Hver fjölskylda fær þjónustu í 8-12 vikur, Eftirfylgd eftir þörfum.

Mat á árangri: Að fjölskyldan nýti þau verkfæri sem henni var úthlutað. Líðan fjölskyldunnar hefur batnað. Í lok hvers máls er lögð fyrir viðhorfskönnun og málstjórar meta alltaf í lokin hvaða markmið hafa náðst.

Staða okt 2016: Bodið hefur verið upp á stuðninginn heim í öllum þremur hverfunum.

Börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni

Markmið: Að búa til vettvang fyrir fjölskyldur að stunda saman félags-, tómstunda – eða íþróttastarf.

Leiðir: Að þeir aðilar sem sinna barna- og unglingastarfi í hverfinu bjóði upp á skipulagt starf þar sem fjölskyldan getu stundað saman.

Ábyrgð: Forsvarsmenn félags-, tómstund- og íþróttastarfs í hverfinu.

Tíma: Að hver staður bjóði upp á einu sinni á ári upp á skipulagt starf þar sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í.

Mat á árangri: Að taka saman hvaða aðilar bjóða upp á fjölskyldu starf og hversu margar fjölskyldur mættu á viðburðinn.

Söðumat okt. 2016:

- Frístundamiðstöðin var með fjölskyldusamverustundir einu sinni í mánuði, bodið var upp á ýmiskonar smiðjurí menningar, félags- og tómstundastarfi. Mikil þátttaka var á öllum smiðjunum úr hverfum miðborgar og hlíðar.

- Samtakahópur um miðbæinn, foreldrafélag Austubæjarskóla, íbúasamtökin og þjónustumiðstöðin er með einu sinni í mánuði samverustundir fjölskyldunnar þó aðeins fyrir fjölskyldur barna í Austurbæjarskóla. Góð þátttaka. Þetta verkefni fékk styrk úr forvarnasjóði Hverfisráðanna
- Íþróttafélagið Valur bauð upp á íþróttadag fjölskyldunnar og heppnaðist það vel.

Fjölskyldusmiðjur

Markmið: að skapa vettvang fyrir samveru barna og foreldra. Kenna skemmtileg viðfangsefni sem henta allri fjölskyldunni.

Leiðir: Einu sinni í mánuði er haldin fjölskyldusmiðja þar sem foreldra og börn koma saman í frístundamiðstöðinni. Starfsmenn frístundamiðstöðvar kenna vinsæl verkefni eða smiðjur úr starfinu.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnastarfs.

Tíma: Vetur 2015-16

Mat á árangri: Verkefnauppgjör

Söðumat okt. 2016:

-Frístundamiðstöðin var með fjölskyldusamverustundir einu sinni í mánuði, boðið var upp á ýmiskonar smiðjurí menningar, félags- og tómstundastarfi. Mikil þátttaka var á öllum smiðjunum úr hverfum miðborgar og hlíðar.

Foreldrasamstarf sé öflugt í nærumhverfinu og foreldrar öruggir og leiðandi í uppeldi barna sinna

Markmið: Að foreldra séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans.

Leiðir: Kynna fyrir foreldrum starfsemi Leikskólanna – Hafa foreldraráð / foreldrafélag.

Ábyrgð: Leikskólastjórar

Tíma: Allt árið

Mat á árangri: Hvort foreldraráð og foreldrafélög séu starfandi í leikskólunum.

Söðumat okt. 2016: Flestum leikskólum er virkt foreldraráð og foreldrafélag.

6-9 ára

Við 6 ára aldur verða ákveðin skil þegar grunnskólinn hefst. Barnið tekst á við nýjar aðstæður og aukið sjálfstæði. Mikilvægt er að frá byrjun ríki góð samskipti og traust milli heimila og skóla og að barnið upplifi öryggi og stuðning bæði í skólanum og heima. Barni sem líður vel á fyrstu árum skólagöngu farnast yfirleitt vel í sínu námi.

Mörg börn á þessum aldri sækja frístundaheimili eftir að skóla lýkur og hefja þátttöku í öðru skipulögðu frístundastarfi. Mikilvægt er að gott jafnvægi ríki milli tímans sem barnið ver í skólanum og í frístundastarfi. Ekki verði of mikið álag á barninu og ávallt sé tími aflögu fyrir góða samveru með foreldrum.

Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi

Markmið: Að auka vellíðan barna og unglinga í hverfinu með því að stuðla að vináttu, samvinnu, sjálfstyrkingu og félagsfærni.

Leiðir: Þjóða upp á hópastarf ss Gaman saman.

Ábyrgð: Verkefnastjóri þjónustumiðstöðvarinnar, deildarstjóri barnastarfs Kamps og félagsráðgjafar.

Tíma: Að boðið sé upp á námskeiðin þegar þörfin myndast.

Mat á árangri: Fjöldi þátttakenda og stöðu þeirra eftir námskeiðið.

Söðumat okt. 2016:

Gaman saman. 6-9 ára var haldið í tvö skipti og heppnaðist mjög vel. Mikil þátttaka var í hópnum og skilaði góðum árangri.

Koma svo 10-12 ára haldið í tvö skipti og heppnaðist vel. Mikil þátttaka var í hópnum og skilaði góðum árangri.

Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi

Markmið: Að styðja foreldra í foreldrahlutverkinu

Leiðir: Þjóða upp stuðninginn heim

Ábyrgð: Verkefnastjóri stuðningsþjónustu

Tíma: Hver fjölskylda fær þjónustu í 8-12 vikur, Eftirfylgd eftir þörfum.

Mat á árangri: Að fjölskyldan nýti þau verkfæri sem henni var úthlutað. Líðan fjölskyldunnar hefur batnað. Ástundun og líðan í skóla hefur batnað. Í lok hvers máls er lögð fyrir viðhorfskönnun og málstjórar meta alltaf í lokin hvaða markmið hafa náðst.

Staða okt 2016: Boðið hefur verið upp á stuðninginn heim í öllum þremur hverfunum.

Réttindi barna séu virt, þau búi við lýðræði og jafnrétti og hafi jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu

Réttindaganga barna

Markmið: að kynna og minna á réttindi barna. Mikilvægi þess að börn og fullorðnir þekki til barnasáttmálans og greina hans.

Leiðir: Barnasáttmálasmiðjur, verkefni tengd barnasáttmála og sýnileiki barnasáttmálans í frístundaheimilinu.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnastarfs og forstöðumenn frístundaheimila.

Tíma: haustönn 2015 og afmæli barnasáttmálans 20.nóvember 2015.

Mat á árangri: Rýnihópar barna og starfsmanna, og verkefnauppgjör

Stöðumat í okt 2016: Var unnið með barnasáttmálann á öllum frístundaheimilum í hverfum miðborgar og hlíða. Unnið var með barnalýðræði.

Börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni

Markmið: Að búa til vettvang fyrir fjölskyldur að stunda saman félags-, tómstunda – eða íþróttastarf.

Leiðir: Að þeir aðilar sem sinna barna- og unglingastarfi í hverfinu bjóði upp á skipulagt starf þar sem fjölskyldan getu stundað saman.

Ábyrgð: SAMTAKA

Tíma: Að hver staður bjóði upp á einu sinni á ári upp á skipulagt starf þar sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í.

Mat á árangri: Að taka saman hvaða aðilar bjóða upp á fjölskyldu starf og hversu margar fjölskyldur mættu á viðburðinn.

Stöðumat okt 2016:

- Frístundamiðstöðin var með fjölskyldusamverustundir einu sinni í mánuði, boðið var upp á ýmiskonar smiðjurí menningar, félags- og tómstundastarfi. Mikil þátttaka var á öllum smiðjunum úr hverfum miðborgar og hlíðar.
- Samtakahópur um miðbæinn, foreldrafélag Austurbæjarskóla, íbúasamtökin og þjónustumiðstöðin er með einu sinni í mánuði samverustundir fjölskyldunnar þó aðeins fyrir fjölskyldur barna í Austurbæjarskóla. Góð þátttaka. Þetta verkefni fékk styrk úr forvarnasjóði Hverfisráðanna
- Íþróttafélagið Valur bauð upp á íþróttadag fjölskyldunnar og heppnaðist það vel.

Fjölskyldusmiðjur

Markmið: að skapa vettvang fyrir samveru barna og foreldra. Kenna skemmtileg viðfangsefni sem henta allri fjölskyldunni.

Leiðir: Einu sinni í mánuði er haldin fjölskyldusmiðja þar sem foreldra og börn koma saman í frístundamiðstöðinni. Starfsmenn frístundamiðstöðvar kenna vinsæl verkefni eða smiðjur úr starfinu.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnastarfs.

Tíma: Vetur 2015-16

Mat á árangri: Verkefnauppgjör

Stöðumat okt. 2016:

Frístundamiðstöðin var með fjölskyldusamverustundir einu sinni í mánuði, boðið var upp á ýmiskonar smiðjurí menningar, félags- og tómstundastarfi. Mikil þátttaka var á öllum smiðjunum úr hverfum miðborgar og hlíðar.

Börn og unglingar búi í öruggu samfélagi og við öflugan félagsauð

Forvarnarfulltrúi frístundaheimila Kamps

Markmið: Kortleggja betur þarfir barnahópsins og auka samstarf við þjónustumiðstöð í hverfinu.

Leiðir: 16 vikna verkefni, samráðsfundir með forstöðumönnun, ráðgjöfum á þjónustumiðstöð, samsetning á hópastarfi og fræðsla fyrir starfsfólk frístundaheimila

Ábyrgð: Deildarstjóri barnastarfs, forvarnarfulltrúi og Verkefnastjóra á þjónustumiðstöð.

Tíma: September 2015 – janúar 2016.

Mat á árangri: lokaskýrsla og verkefnauppgjör.

Stöðumat okt 2016: Þetta verkefni heppnaðist mjög vel. Kortlagning og samráð skilaði marktækum upplýsingum sem nýttar voru til að færða starfsmenn frístundaheimilanna.

Foreldrasamstarf sé öflugt í nærumhverfinu og foreldrar öruggir og leiðandi í uppeldi barna sinna.

Markmið: Auka foreldrafærni

Leiðir: Bjóða upp á PMT foreldranámskeið.

Ábyrgð: PMT meðferðaraðli á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Tíma: Bodið upp á námskeið einu sinni á önn

Mat á árangri: Hversu mörg námskeið eru haldin og fjöldi foreldra sem mæta á námskeið, hversu mörg börn njóta aðferðanna.

Stöðumat okt 2016: Bodi er upp á PMT foreldrafærninámskeið í öllum þremur hverfunum. Einnig hefur PMTO námskeið bæst í hópinn.

Foreldarráð frístundaheimila Kamps

Markmið: Efla samstarf við foreldra í hverfinu og auka áhrif foreldra á starf frístundaheimila.

Leiðir: Opnir fundir á hverri önn þar sem leitað er til allra foreldra varðandi samstarf og áherslur.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnastarfs.

Tíma: September 2015 – janúar 2016.

Mat á árangri: Rýni hópar og fundargerðir birtar.

Stöðumat okt 2016: Í frístundamiðstöðinni Kampi var starfandi foreldraráð 2014-2015.

10-12 ára

Á þessu aldursbili axlar barnið meiri ábyrgð á sjálfu sér og verður sjálfstæðara. Barnið fer að efast um margt sem það tók gott og gilt á bernskuárum. Líkamsímynd þess breytist og fleiri aðilar, fullorðnir og jafnaldrar, móta barnið og líf þess. Barnið eignast nýjar fyrirmyndir. Námið breytist með nýjum áskorunum og auknum kröfum. Frítíminn breytist líka því flest börn fara heim að loknum skóladegi. Mörg börn bera ábyrgð á því að mæta í skipulagt frístundastarf síðar á deginum en önnur eru áfram á eigin vegum. Gildi samveru með jafnöldrum í frítímanum undir handleiðslu fullorðinna fær aukið vægi. Athygli uppalenda og þeirra sem vinna að forvörnum beinist nú að ýmsum þáttum er varða hagi og líðan barna, svo sem sambandi við foreldra og jafningja,

viðhorfum til náms og skóla og hvernig þau verja frítíma sínum. Ef barnið sýnir einkenni áhættu hegðunar er brýnt að bregðast strax við og fresta því ekki til unglingsáranna.

Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi

Markmið: Að auka vellíðan barna og unglinga í hverfinu með því að stuðla að vináttu, samvinnu, sjálfstyrkingu og félagsfærni.

Leiðir: Þjóða upp á hópastarf ss Koma svo

